

Hver má teikna hús.

- [Sjá 17. Grein byggingarreglugerðar](#)
- 17.1 Aðal- og séruppdrættir skulu gerðir af hönnuðum sem fengið hafa löggildingu, sbr. gr. 25. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál. Með áritun sinni ábyrgist hönnuður að viðkomandi mannvirki standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í reglugerð þessari, enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hans, verklýsingu og skriflegum fyrirmælum.
- 17.2 Sá sem áritar aðaluppdrátt ber ábyrgð á því að samræmi sé milli aðaluppdráttar og séruppdráttar af hlutaðeigandi byggingu, og skal hann árita þá því til staðfestingar áður en þeir eru sendir til byggingarfulltrúa.
- 17.3 Hönnuður aðaluppdráttar ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum á því að séruppdrættir séu í samræmi innbyrðis eftir því sem við á, en hann getur falið öðrum, sem til þess er hæfur, að hafa samræminguna á hendi.